



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Mánudagur, 22. janúar 2018

Ákvörðun nr. 4/2018

Samruni Icepharma hf. og Lyfis ehf.

I.

Málavextir og málsmeðferð

Með bréfi dags. 12. október sl. var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um kaup Icepharma hf. (hér eftir Icepharma) á meirihluta hlutafjár í Lyfis ehf. ásamt systurfélagi þess, Medical ehf. Eftir viðskiptin verða framangreind félög þannig í meirihlutaeigu Icepharma. Meðfylgjandi bréfinu fylgdi svonefnd styttri samrunaskrá með upplýsingum um framangreindan samruna, sbr. 6. mgr. 17. gr. a. samkeppnislaga nr. 44/2005 og reglur Samkeppniseftirlitsins nr. 684/2008 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum og viðauka II við þær (styttri tilkynning). Með bréfi, dags. 18. október 2017, var samrunaaðilum tilkynnt um að samrunaskráin teldist fullnægjandi og byrjuðu frestir Samkeppniseftirlitsins til að rannsaka samrunann skv. 17. gr. d. samkeppnislaga því að líða 13. október 2017.

Samruninn hefur sætt rannsókn eftirlitsins og við upphaf rannsóknarinnar leitaði eftirlitið bæði til keppinauta samrunaaðila, viðskiptavina þeirra sem og opinberra aðila.¹ Þessum aðilum var sent bréf þann 17. október sl. ásamt afriti af samrunaskrá án trúnaðarupplýsinga og þeim gefið færi á því að koma fram með sjónarmið um áhrif samrunans á samkeppni. Nokkur hluti þessara aðila kaus að leggja fram sjónarmið vegna hans og bárust þau ýmist með tölvubréfum eða voru lögð fram á fundum með eftirlitinu. Umsagnir vegna samrunans bárust síðar í mánuðinum.

Í kjölfar þess að umsagna var aflað sá eftirlitið tilefni til þess að óska umsagna hjá fleiri aðilum. Tilgangur þeirra umsagna var að varpa ljósi á umsvif samrunaaðila í tilteknum lyfjaflokkum sem eftir atvikum geta myndað sérstaka samkeppnismarkaði. Bárust umsagnir þann 8. desember sl. og gáfu þau gögn tilefni til nánari athugunar. Fundaði Samkeppniseftirlitið því með samrunaaðilum þann 19. desember og í kjölfar fundarins bárust skriflega ítarlegri sjónarmið samrunaaðila. Verður nánar vikið að þessum upplýsingum og sjónarmiðum sem aflað var síðar í þessari ákvörðun eftir því sem við á.

¹ Allir helstu viðskiptavinir og keppinautar samrunaaðila fengu færi á því að koma fram með sjónarmið vegna málsins, þeir opinberu aðilar sem á þessu stigi málsins var gefið færi á því að koma fram með umsögn um málið voru: Landspítali háskólasjúkrahús, Lyfjastofnun, Velferðarráðuneytið, Sjúkratryggingar Íslands og Sjúkrahúsið á Akureyri.



II.

Samruninn

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. falist í því að fyrirtæki taki annað fyrirtæki yfir eða það nái yferráðum í heild eða að hluta yfir öðru fyrirtæki, t.d. með því að kaupa hluta af eignum þess eða þær allar, sbr. 1. mgr. 17. gr. laganna. Hér á eftir verður samrunanum lýst nánar.

Fram kemur í samrunaskrá að samruninn feli í sér kaup Icepharma á meirihluta hlutafjár í Lyfis ehf. og systurfélaginu Medical ehf. (hér eftir verður sameiginlega vísað til þessara félaga sem Lyfis). Að mati Samkeppniseftirlitsins fela umrædd kaup í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga enda eru veltuskilyrði ákvæðisins uppfyllt og við viðskiptin verður breyting á yferráðum Lyfis.

Icepharma velti sl. rekstrarár um 9 milljörðum króna. Fyrirtækið skiptist í þrjú svið en það eru: lyfjasvið, heilbrigðissvið og heilsu- og íþróttasvið. Sá samruni sem hér er til umfjöllunar snertir aðeins lyfjasvið fyrirtækisins en um helming af veltu Icepharma má rekja til sviðsins. Í samrunaskrá segir að starfsemi þess felist í sölu og markaðssetningu lyfja, skráningu þeirra og viðhaldi markaðsleyfa, auk alhliða þjónustu við dýralækna. Í skránni kemur einnig fram að á sviðinu starfi 27 manns sem skipt sé í sex mismunandi deildir. Birgjar sviðsins séu um 100 og velta sviðsins skiptist þannig að um [...] ²% teknanna megi rekja til frumlyfja en einungis um [...] % til samheitalyfja. Fram kemur í samrunaskrá að spítalar kaupi um helming af vörum sviðsins en apótek um [...] ³%. Á íslenskum lyfjamarkaði starfar Icepharma sem fulltrúi lyfjaframleiðanda og sér fyrirtækið um að sækja um markaðsleyfi og annast dagleg samskipti við Lyfjastofnun vegna þeirra lyfja sem eru á markaði. Fyrirtækið úthýsir svo birgðahaldi, dreifingu og annarri vörubjónustu til Parlogis ehf. (hér eftir Parlogis), sem er systurfélag Icepharma.

Fjallað var um samruna Icepharma og Parlogis í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 29/2010, *Kaup Lyfjaþjónustunnar ehf. á Parlogis ehf.* Þar segir að Parlogis sé vörustjórnunarfyrirtæki sem hafi sérhæft sig í að þjónusta fyrirtæki á heilbrigðismarkaði. Parlogis bjóði viðskiptavinum sínum upp á þjónustu við birgðastýringu, innkaup, innflutning, lagerhald, móttöku pantana, tiltekt vara og dreifingu þeirra, reikningagerð og innheimtu. Misjafnt sé hversu víðtæka þjónustu viðskiptavinir fyrirtækisins kaupi. Fyrirtækið hafi sérhæft sig í vörustjórnun fyrir heilbrigðisstofnanir, lyfjafyrirtæki og sérværslanir með heilsutengdar vörur.

Birgjar Icepharma eru eins og áður segir ríflega eitt hundrað og flytur fyrirtækið inn samanlagt um 1200 vörunúmer. Helstu birgjarnir eru á meðal stærstu lyfjaframleiðanda heims s.s. Pfizer, Roche, Bayer Pharma, Biogen, Eli Lilly, CSL, Mylan og Merck. Í þessum hópi er einungis Mylan samheitalyfjaframleiðandi en aðrir birgjar eru frumlyfjaframleiðendur.

Í samrunaskrá kemur fram að Lyfis sé stofnað árið 2006 og fyrirtækið sé markaðsleyfishafi og umboðsaðili fyrir lyf - aðallega samheitalyf. Segir að viðskiptalíkanið byggi á

² Upplýsingar í hornklofa teknar út í birtri ákvörðun vegna trúnaðar.

³ Önnur viðskipti sviðsins má rekja til sérfræðinga, stofnana og fyrirtækja.



dreifingarsamningum fyrir erlenda lyfjaframleiðendur og að stefna Lyfis sé að vera ávallt með lægsta verð lyfja á markaðnum. Fyrstu lyfin hafi Lyfis sett á markað árið 2010 og nú séu yfir 100 samheitalyf markaðssett af félaginu. Þá segir að fyrirtækið hafi verið umboðsaðili fyrir lyfjaframleiðandann Teva/Ratiopharm en því viðskiptasambandi ljúki nk. áramót.⁴ Aðrir helstu birgjar félagsins séu: Krka, Stada, Medice Arzeneimittel Putte, Evolan, Eql Pharma, Niconovum. Ennfremur segir að sex manns starfi hjá fyrirtækinu og skrifstofur þess séu að Grensásvegi 22 og að Parlogis sjái um birgðahald og vörustjórnun fyrir hönd fyrirtækisins.

Um Lyfis segir í samrunaskrá að velta fyrirtækisins árið 2016 hafi numið [...] m.kr. og að hana megi að langmestu rekja til sölu á sk. samheitalyfjum til apóteka. Þar kemur fram að fyrirtækið selji 169 vörunúmer frá 10 markaðsleyfishöfum en einnig kemur fram að rekja megi um helming af veltu félagsins til vara frá lyfjaframleiðandanum Teva/Ratiopharm. Líkt og áður hafi komið fram verði vörur frá þessum framleiðanda frá nk. áramótum seldar í gegnum annan íslenskan umboðsaðila og því megi vænta þess að velta fyrirtækisins dragist verulega saman eftir það.

Í þessu máli liggur fyrir að helsta skörunin í starfsemi samrunaaðila er við innflutning og heildsölu á samheitalyfjum. Við rannsókn málsins hafa þó komið fram sjónarmið þess efnis að rétt sé að greina markaðinn á annan hátt en einungis með því að horfa til skörunar á sviði samheitalyfja þar sem að í vissum tilfellum sé samkeppni á milli frumlyfja og samheitalyfja. Það byggir meðal annars á því að ávallt megi rekja tilvist samheitalyfs til frumlyfs sem hafi lækisfræðilega sömu virkni. Undir vissum kringumstæðum geti því verið bein samkeppni á milli frum- og samheitalyfs enda hafi þau hina sömu klínísku virkni. Verður nánar vikið að þessu sjónarmiði síðar í ákvörðuninni.

1. Markaðir málsins og staða fyrirtækja á þeim

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna samkvæmt 17. gr. c. samkeppnislaga verður að byrja á því að skilgreina þann markað sem við á. Samkvæmt 4. gr. laganna er markaður skilgreindur sem sölusvæði vöru og staðgönguvöru eða þjónustu og staðgönguþjónustu. Staðganga er þegar vara eða þjónusta getur að fullu eða verulegu leyti komið í stað annarrar vöru eða þjónustu. Með hliðsjón af hagfræðilegum rökum þarf að líta á viðkomandi markað út frá a.m.k. tveimur sjónarmiðum; annars vegar vöru- eða þjónustumarkaði og hins vegar landfræðilegum markaði. Hafa ber þó í huga að markaðsskilgreiningar í samkeppnisrétti geta ekki orðið nákvæmar og eru aðeins notaðar til viðmiðunar, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 8/2008 *Fiskimarkaður Íslands hf. gegn Samkeppniseftirlitinu*.

Tilgangur þess að skilgreina viðkomandi markað í samrunamálum er að finna það svið viðskipta sem samruninn hefur áhrif á.⁵ Með markaðsskilgreiningunni er leitast við að

⁴ Frekari umfjöllun um þetta má finna í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 32/2017, *Kaup Alvogen Iceland ehf. á samheitalyfjum Teva á Íslandi*. Samrunaskráin barst árið 2017 þannig að í henni er átt vísað til nýliðinna áramóta.

⁵ Þessi tilgangur með markaðsskilgreiningu er víðast hvar lagður til grundvallar í samkeppnisrétti. Í ECS/AKZO málinu, OJ 1985 L374/1 lýsti framkvæmdastjórn ESB því t.a.m. yfir að: „*The object of market delineation is to define the area of commerce in which the conditions of competition and the market power of the dominant firm is to be assessed.*” Sjá hér einnig Commission Notice on the definition of relevant market for the purposes of Community competition law [1998] 4 C.M.L.R. 177: „*Market definition is a tool to identify and define the boundaries of competition between firms. ... The objective of defining a market in both its product and geographic dimensions is to identify those actual competitors of the undertakings involved that are capable of constraining*



afmarka hvar samkeppni milli fyrirtækja á sér stað í þeim tilgangi að greina á kerfisbundinn hátt þær skorður sem samkeppni á markaði leggur á hegðun þeirra fyrirtækja sem starfa á þeim markaði sem samruninn hefur áhrif á. Með því að afmarka markaðinn bæði frá sjónarmiði þeirrar vöru eða þjónustu sem seld er á markaðnum og frá landfræðilegu sjónarmiði er reynt að greina þá keppinauta samrunaaðila á markaði sem í raun geta sett hegðun samrunaaðilanna skorður og komið í veg fyrir að þeir hegði sér óháð virkum þrýstingi á markaði sem samkeppni af hálfu keppinauta getur veitt.⁶

Í þessu máli er ljóst að báðir samrunaaðilar starfa við innflutning, markaðssetningu og sölu á lyfjum. Markaður fyrir slíka starfsemi hefur verið greindur niður með ýmsum hætti, en í öllu falli er þó ljóst að starfsemi Icepharma er mun umfangsmeiri og fjölbreyttari en starfsemi Lyfis. Hefur starfsemi Lyfis að uppistöðu til takmarkast við sölu á sk. samheitalyfjum til apóteka en rekja má nær alla veltu fyrirtækisins til þess háttar viðskipta. Þegar litið er til starfsemi Icepharma á þessu sviði má sjá að fyrirtækið hefur selt lyf fyrir um [...] til apóteka á ársgrundvelli. Þar af er mikill meirihluti veltu fyrirtækisins vegna frumlyfja.

Í samrunaskrá kemur fram að lyfjum megi skipta í tvo flokka, annars vegar frumlyf og hins vegar samheitalyf. Þar segir að frumlyf séu nýr meðferðamöguleiki sem séu með einkaleyfi í takmarkaðan tíma. Sala þeirra á Íslandi sé háð samþykki á greiðsluþátttöku og verði frá Lyfjagreiðslunefnd ríkisins. Samheitalyf komi inn þegar einkaleyfi frumlyfja falli niður og séu þau eftirlíkingar af frumlyfjum. Samheitalyf séu sambærileg að gæðum og hafi sömu verkun þar sem þau innihaldi sama virka efnið.

Í samrunaskránni kemur ennfremur fram að samheitalyf séu ódýrari en frumlyf og því hafi íslensk yfirvöld um langt skeið haft þá stefnu að auka hlutfall samheitalyfja á lyfjamarkaði. Í skránni kemur jafnframt fram að Ísland sé aðili að samkomulagi Evrópusambandsins um að leyfa smærri ríkjum að fara í einfaldara skráningarferli (e. *Zero day procedure*) á samheitalyfjum sem hafa þegar verið skráð í einu af þeim löndum sem standa að þessu samkomulagi. Skilyrðið sé að viðkomandi lyf sé frá sama framleiðanda og í alla staði nákvæmlega hið sama. Þetta sé gert til að stuðla að aðgengi að fleiri samheitalyfjum á litlum mörkuðum. Yfirvöld séu því virkir þátttakendur í aðgengi sjúklunga að ódýrum meðferðamöguleikum bæði hvað varðar framboð og eftirspurn. Stjórnvöld reyni því að stýra neyslu lyfja í átt að samheitalyfjum til að halda niðri kostnaði sem geri sölu samheitalyfja að virkum markaði þar sem framleiðendur og heildsalar keppa sín á milli.

Hvað verðlagningu lyfja varðar kemur fram í samrunaskrá að lyf séu annað hvort lyfseðilsskyld eða sk. lausasölulyf sem eru lyf sem apótek megi selja neytendum án lyfseðils frá lækni. Verð lyfseðilsskyldra lyfja ákvarðist af Lyfjagreiðslunefnd.⁷ Þau séu endurskoðuð mánaðarlega og megi aldrei vera hærri en meðaltal á verðum sama lyfs í Danmörku, Noregi, Finnlandi og Svíþjóð hvað varðar frumlyf en varðandi samheitalyf þá reiknast meðaltalið af meðaltali samheitalyfja í hverju landi fyrir sig. Verðlagning á lausasölulyfjum sé frjáls.

those undertakings behaviour and of preventing them from behaving independently of effective competitive pressure."

⁶ Sjá m.a. tilkynningu Eftirlitsstofnunar EFTA um skilgreiningu á hugtakinu viðkomandi markaður (98/EES/28/01) mgr. 2.

⁷ Lyfjagreiðslunefnd kom fram með umsögn vegna samrunans.



Klínísk virkni lyfja er flokkuð eftir alþjóðlegri flokkun sem kallast ATC-flokkun en þessi flokkun er notuð til þess að para saman hin virku efni lyfja sem hafa hina sömu læknisfræðilegu-, lyfjafræðilegu- eða efnafræðilegu eiginleika.⁸ Lyf sem hafa sömu ATC flokkun hafa því staðgöngu frá sjónarhóli sjúklunga. Lyf innan sama ATC flokks geta ýmist verið frumlyf eða samheitalyf.

Afstaða Samkeppniseftirlitsins til markaðsskilgreiningar

Starfsemi samrunaaðila er eins og áður greinir heildsala á lyfjum og getur sá markaður eftir atvikum verið greindur niður í ýmis konar undirmarkaði. Að gögnum málsins virtum telur Samkeppniseftirlitið að samruni þessi hafi fyrst og fremst áhrif á *markað fyrir heildsölu lyfja* og þá einkum samheitalyfja. Þá er það jafnframt mat eftirlitsins að sala lyfja geti greinst í nánari undirmarkaði eftir klínískri virkni lyfja og er ATC flokkunin sú flokkun sem helst er byggjandi á. Samkeppniseftirlitið taldi því að nauðsynlegt að rannsaka áhrif samrunans á sérhvern ATC flokk lyfja. Sterk rök eru fyrir því að einn undirmarkaður lyfjamarkaðarins sé *markaður fyrir lyf með sama virka innihaldsefnið sem tilheyra hinum sama ATC-flokki* (e. *Molecule level*). Mögulegir undirmarkaðir eru því fræðilega allt að því jafnmargir og fjöldi virkra innihaldsefna eða n.t.t. fjöldi ATC-flokka. Að lokum telur eftirlitið rétt að skilgreina markaðinn fyrir heildsölu lyfja jafnframt niður í annars vegar *markað fyrir samheitalyf* og hins vegar *markað fyrir frumlyf*. Byggir það m.a. á því að samheitalyf eru almennt mun ódýrari en frumlyfin. Er framangreind skilgreining í samræmi við framkvæmd í EES/ESB-samkeppnisrétti.⁹

Hvað landfræðilega afmörkun á framangreindum mörkuðum varðar er það afstaða Samkeppniseftirlitsins að þeir taki til landsins alls, enda er í þessu máli í öllum tilfellum um að ræða heildsölumarkaði. Nánari umfjöllun um lyfjamarkaðinn og samheitalyfjamarkaðinn má finna í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 32/2017, *Kaup Alvogen Iceland ehf. á samheitalyfjum Teva á Íslandi*.

Staða hins sameinaða fyrirtækis á lyfjamarkaði.

Þegar litið er til neyslu lyfja á Íslandi í heild sinni má að uppistöðu rekja hana annars vegar til sjúkrahúsa og annarra sjúkrastofnana og hins vegar til lyfja sem keypt eru í apótekum. Fram hefur komið að starfsemi hins keypta takmarkast við sölu á lyfjum til apóteka. Markaðurinn fyrir smásölu lyfja hefur verið skilgreindur sem sérstakur markaður sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 4/2010 *Misnotkun Lyfja og heilsu hf. á markaðsráðandi stöðu sinni*. Samrunaaðilar starfa eins og áður segir á markaði fyrir heildsölu lyfja á Íslandi sem greinast svo mögulega niður í áðurnefnda undirmarkaði.

Þegar litið er til heildarstærðar smásölumarkaðar lyfja hér á landi má sjá að heildarvelta allra lyfjabúða á Íslandi árið 2016 nam um 16 milljörðum kr. Gögn í samrunaskrá benda til þess að sala samrunaaðila til lyfjabúða hafi numið röskum 3 milljörðum kr. Þetta sama ár. Þar af má rekja um [...] veltu til Icepharma og um [...] veltu til Lyfis. Í þessu samhengi er þó rétt að gera grein fyrir tvennu sem taka þarf sérstakt tillit til. Í fyrsta lagi hefur Lyfis nú misst sinn mikilvægasta birgi, TEVA/Ratiopharm en dreifing á lyfjum fyrirtækisins fór til

⁸ Skammstöfunin ATC stendur fyrir Anatomical Therapeutic Chemical og er flokkunarkerfi sem stjórnað er af alþjóðaheilbrigðisstofnuninni (WHO).

⁹ Sjá t.d. ákvarðanir framkvæmdastjórnar ESB í málum nr. M.7559 – *Pfizer/Hospira*, M.7379 – *Mylan/Abbott EPD-DM* og M.6613 – *Watson/Actavis*.



Alvogen nú um áramótin. Með þessu missir Lyfis um helming af veltu sinni.¹⁰ Í annan stað er velta samrunaaðila miðuð við heilðsöluverð en heildarveltan sem vikið er að hér að ofan er smásöluverð. Því er hlutdeild samrunaaðila í heildarinnkaupum apóteka hærra hlutfall en reikna má út frá ofangreindum tölum. Í öllu falli er hér ljóst að hlutdeild samrunaaðila á heildarmarkaði fyrir *heilðsölu lyfja á Íslandi* er um 20%.

Þá er í samrunaskrá jafnframt að finna umfjöllun um hlutdeild samrunaaðila í viðskiptum með samheitalyf á Íslandi. Þar eru tekin saman umsvif helstu aðila sem starfa á markaðnum og er hlutdeild Lyfis sett þar fram án lyfja frá TEVA/Ratiopharm og [...].¹¹ Þar kemur fram að hlutdeild Lyfis á samheitalyfjamarkaði sé um 8% og velta þeirra um [...]. Um Icepharma segir að velta þeirra sé [...] á ársgrundvelli og hlutdeildin 7%. Stærstu aðilarnir á markaðnum séu hins vegar Actavis og Alvogen sem hafi 40% og 32% hlutdeild á honum að mati samrunaaðila. Í samrunaskrá kemur fram að heildarvelta á markaðnum fyrir árið 2016 hafi verið 3,4 ma. kr.¹² Hlutdeild samrunaaðila á þessum undirmarkaði er því verulega undir þeim mörkum sem alla jafna eru talin skapa forsendur til íhlutunar samkeppnisyfirvalda.¹³ Samruninn hefur ekki í för með sér samþjöppun á markaði fyrir heilðsölu frumlyfja enda hefur Lyfis ekki stundað slíka starfsemi.

Samkeppniseftirlitið hefur jafnframt undir höndum gögn sem sýna samþjöppun í tilteknum ATC flokkum vegna samrunans. Þegar litið er til þeirra gagna má sjá að samrunaaðilar koma til með að hafa allháa markaðshlutdeild í fimm tilgreindum flokkum. Lyf undir þessum flokkum koma í öllum tilfellum frá fleiri en einum framleiðanda og innan mengisins eru bæði frumheita- og samheitalyf. Samanlögð velta í öllum þeim flokkum sem um ræðir er um 150 m.kr. á ársgrundvelli og velta veltuhæsta flokksins er um 50 m.kr. Verður nánar vikið að samkeppnislegri þýðingu þessa hér á eftir.

III. Niðurstaða

Í 17. gr. c. samkeppnislaga kemur fram að telji Samkeppniseftirlitið að samruni hindri virka samkeppni vegna myndunar markaðsráðandi stöðu eins eða fleiri fyrirtækja eða slík staða styrkist, eða verði til þess að samkeppni á markaði raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, geti stofnunin ógilt eða sett slíkum samruna skilyrði.

Af gögnum málsins virtum þá er það mat Samkeppniseftirlitsins að ekki séu nægjanlegar forsendur til íhlutunar í máli þessu. Þannig er samþjöppun á heilðsölumarkaði, hvort sem

¹⁰ Sjá nánar í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 32/2017 *Kaup Alvogen Iceland ehf. á samheitalyfjum Teva á Íslandi*.

¹¹ [...]

¹² Þessar tölur eru úr samrunaskrá, þar eru jafnframt taldir upp minni aðilar sem starfa á markaðnum og hver þeirra er með 7% markaðshlutdeild eða lægri en þetta eru: Vistor, Artasan, William Halls, Mylan, Acare, Lyfjaver og Lundbeck export.

¹³ Sjá nánar í leiðbeiningum framkvæmdarstjórnar Evrópusambandsins: *Guidelines on the assessment of non-horizontal mergers under the Council Regulation on the control of concentrations between undertakings*.



um er að ræða frumlyf eða samheitalyf, undir þeim mörkum sem alla jafna eru talin fela í sér tilefni til íhlutunar.

Þá eru að mati Samkeppniseftirlitsins heldur ekki forsendur til íhlutunar í samrunann vegna samþjöppunar í tilteknum ATC flokkum lyfja. Undir vissum kringumstæðum getur verið tilefni til íhlutunar samkeppnisyfirvalda þegar samþjöppun á sér stað í tilteknum ATC flokkum. Það er þó rannsóknarefni í hverju máli fyrir sig. Á meðal atriða sem hafa þýðingu við niðurstöðu máls þessa er að velta í öllum þeim ATC flokkum sem um ræðir óveruleg og má rekja hana til lyfja frá mörgum lyfjaframleiðendum. Þá hafa hafa ekki komið fram rökstudd sjónarmið frá keppinautum eða opinberum aðilum um að samruni þessi muni hafa neikvæð áhrif á samkeppni. Þá getur staða framleiðenda lyfja haft þýðingu en þeir eiga að jafnaði markaðsleyfi fyrir lyf. Dæmi er um að lyfjaframleiðendur sem hafa sama umboðsmann hafi leitað réttar síns gagnvart hvoru öðru í opinberum útboðum.¹⁴

Að undangenginni rannsókn og með hliðsjón af gögnum og atvikum málsins er það því niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að ekki séu nægjanlega ríkar forsendur fyrir íhlutun eftirlitsins í samruna þennan. Hafa hér að ofan verið raktar forsendur Samkeppniseftirlitsins fyrir þeirri niðurstöðu. Að öllu framangreindu virtu er það því mat Samkeppniseftirlitsins að ekki séu nægjanlegar forsendur til íhlutunar í þessu máli á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.

IV.

Ákvörðunarorð

„Kaup Icepharma hf. á meirihluta hlutafjár í Lyfis ehf. felur í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að hafast frekar að í máli þessu.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson

¹⁴ Í útboði 14549 Vörur fyrir kviðskilunarmeðferð fyrir Landspítala kærði Icepharma/Baxter útboðið sem Icepharma/Fresenius Medical Care hafði unnið.